

## AUGLÝSING

### um staðfestingu safnaráðs á stofnskrá Minjasafnsins á Akureyri.

Með vísan til 3. tl. 10. gr., sbr. c-lið 2. mgr. 7. gr. safnalaga nr. 141/2011, staðfesti safnaráð þann 5. desember 2014 stofnskrá Minjasafnsins á Akureyri.

Stofnskráin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

*Reykjavík, 18. ágúst 2020.*

F.h. safnaráðs,

**Þóra Björk Ólafsdóttir** framkvæmdastjóri.

#### Fylgiskjal.

#### STOFNSKRÁ fyrir Minjasafnið á Akureyri.

##### 1. gr.

##### *Rekstrarform.*

Minjasafnið á Akureyri er sjálfseignarstofnun. Starfsemin lýtur ákvæðum safnalaga nr. 141/2011 og siðareglum Alþjóðaráðs safna (ICOM, International Council of Museums). Safnið var upphaflega stofnað 1962 og var í eigu og rekið af Akureyrarbæ, Kaupfélagi Eyfirðinga og sýslunefnd Eyjafjarðar.

Með stofnskrá dagsettri 9. desember 1998 var ákveðið að allar þáverandi eignir Minjasafnsins á Akureyri rynnu til sjálfseignarstofnunarinnar og yrðu stofnfé hennar.

##### 2. gr.

##### *Starfssvæði og rekstraraðilar.*

Lögheimili Minjasafnsins á Akureyri er í Aðalstræti 58 en starfssvæði þess nær til þeirra byggða Eyjafjarðar sem eru eða verða aðilar að minjasafninu og leggja því til rekstrarfó. Núverandi rekstraraðilar eru, Akureyrarbær, Eyjafjarðarsveit, Grýtubakkahreppur, Hörgársveit og Svalbarðsstrandarhreppur.

##### 3. gr.

##### *Hlutverk og tilgangur.*

Hlutverk Minjasafnsins á Akureyri er að safna, skrá, rannsaka, varðveisita og sýna muni, heimildir, hús og önnur mannvirki, er hafa menningarsögulegt gildi fyrir héraðið.

Vegna sögu sinnar og sérstöðu er hlutverk og umfang minjasafnsins mun víðtækara en annarra safna á svæðinu og það er því sannkallað héraðssafn. Þess vegna eru menningarlegar skyldur safnsins afar miklar, m.a. við ráðgjöf, stefnumótun og forystu í safnamálum í héraðinu.

Alla muni sem safninu berast skal skrásetja, merkja og varðveisita við bestu möguleg skilyrði í sýningarsöлum eða geymslum safnsins. Safnið getur einnig tekið til varðveislu muni og mannvirki sem varðveitt eru annarsstaðar á starfssvæðinu.

Munum sem afhentir hafa verið safninu og skráðir í aðfangabók er óheimilt að farga eða ráðstafa á annan hátt nema með einróma samþykki stjórnar. Þá er óheimilt að taka við gjöfum í safnið sem sérstakar kvaðir fylgja.

##### 4. gr.

##### *Starfsemi.*

Í Aðalstræti 58 skulu að jafnaði vera grunnþýningar sem gefa góða innsýn í sögu og menningu héraðsins. Þá er heimilt að gera ákveðnum menningarsögulegum þáttum skil í sérsýningum, bæði á safnsvæðinu og annarsstaðar í héraðinu, þar sem aðstæður leyfa og stjórn safnsins ákveður.

Minjasafninu er heimilt að gera sérsamninga um rekstur annarra safna eða safneininga í héraðinu.

Minjasafnið skal opið almenningi og rækja fræðsluhlutverk sitt m.a. með sýningum, leiðsögn og útgáfustarfi. Safnið skal sinna skólum á starfssvæðinu sérstaklega og hafa samvinnu við fræðsluyfirvöld.

#### 5. gr.

##### *Stjórn safnsins og safnstjóri.*

Stjórn Minjasafnsins á Akureyri skal skipuð fimm mönnum og jafnmögum til vara sem kosnir skulu eftir sveitarstjórnarkosningar. Bæjarstjórn Akureyrarbæjar tilnefnir þrjá menn. Önnur aðildarsveitarfélög tilnefna tvo menn sem koma til skiptis frá sveitarfélögum.

Varamenn aðildarsveitarfélaga skulu koma frá þeim sveitarfélögum sem ekki eiga aðalmenn í stjórn.

Kjörtímabil stjórnar er fjögur ár og er hið sama og sveitarstjórnar. Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar skal hún skipta með sér störfum.

Stjórnin ræður safnstjóra, sem skal hafa menntun á sviði menningarsögu og reynslu af safna-störfum. Stjórnin ákveður starfssvið hans með skriflegum starfssamningi.

Safnstjóri ræður annað starfsfólk við safnið.

#### 6. gr.

##### *Fundir stjórnar, boðun og fundarsköp.*

Stjórnin heldur fundi, þegar formaður eða safnstjóri telur þess þörf og einnig ef tveir eða fleiri stjórnarmenn óska þess.

Um boðun funda og fundarsköp gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 með síðari breyttingum, eftir því sem við á og samkvæmt nánari útfærslu stjórnar Minjasafnsins á Akureyri.

Formaður stjórnar stýrir fundi. Stjórnin kýs fundarritara úr sínum hópi eða ræður sérstakan fundarritara. Formaður stjórnar skal sjá um að fundargerðir séu skipulega færðar í sérstaka gerðabók.

#### 7. gr.

##### *Hlutverk stjórnar.*

Hlutverk stjórnar er að sjá til þess að starfsemi Minjasafnsins á Akureyri sé í samræmi við gildandi lög, reglugerðir og samþykktir sem varða starfsemi þess. Undir það falla meðal annars eftir-talin atriði:

- Að ráða safnstjóra sem er ábyrgur fyrir daglegum rekstri minjasafnsins.
- Að móta stefnu minjasafnsins, setja starfseminni markmið og fylgja þeim eftir.
- Að móta starfsmannastefnu sem m.a. felur í sér ákvörðun um launamál í samráði við launaneftnd sveitarfélaga.
- Að hafa eftirlit með öllum rekstri á vegum minjasafnsins, bókhaldi og fjáreiðum.
- Að gera rekstraraðilum grein fyrir áætlunum um rekstur og framkvæmdir.
- Að leggja fram skýrslu stjórnar minjasafnsins, endurskoðaða ársreikninga þess og gera grein fyrir starfsemi og fjárhagsstöðu safnsins á aðalfundi.

#### 8. gr.

##### *Fjármál, rekstur og skuldbindingar.*

Stjórn Minjasafnsins á Akureyri skal á fyrstu starfsmánuðum sínum gera rammaáætlun um starfsemi þess til næstu fjögurra ára og senda hana til þeirra sveitarstjórnar sem standa að safninu og til safnaráðs.

Rammaáætlunin skal afgreidd samhliða fyrstu fjárhagsáætlun nýrrar stjórnar.

Stjórn safnsins gengur frá tillögum að fjárhagsáætlun hvers árs og sendir til kynningar hjá viðkomandi sveitarfélögum.

Stjórnin skal setja safninu starfsáætlun fyrir hvert ár og sjá um að afla safninu tekna. Tillögur um rekstrarframlög og framlög til framkvæmda skulu koma fram í fjárhagsáætlun safnsins ár hvert.

Aðrar fastar tekjur safnsins eru framlög ríkisins í samræmi við ákvæði gildandi laga á hverjum tíma. Reikningar minjasafnsins skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

Aðilar að minjasafnину skuldbinda sig til þess með stofnskrá þessari að tryggja safninu fastar tekjur til að standa undir þeiri starfsemi sem samþykkt rammaáætlun og samþykktar fjárhags-áætlanir kveða á um hverju sinni. Framlög skal miða við íbúafjölda hvers sveitarfélags 1. desember ársins áður en unnið er að gerð fjárhagsáætlunar. Þá aflar safnið sér einnig annarra tekna, meðal annars með innheimtu aðgangseyris, sölu minjagripa og með framlögum frá einstaklingum, félagsamtökum og fyrirtækjum. Hagnaður af rekstri safnsins rennur til safnsins sjálfs.

#### 9. gr.

##### *Aðalfundur.*

Aðalfund Minjasafnsins á Akureyri skal halda fyrir 1. júlí ár hvert. Sveitarfélög sem aðild eiga að minjasafnину kjósa fulltrúa sína á aðalfund þess og varamenn þeirra. Fjöldi fulltrúa: Akureyrarbær 7, Eyjafjarðarsveit 2, Grýtubakkahreppur 1, Svalbarðsstrandahreppur 1 og Hörgársveit 2. Þeir hafa umboð til fullnaðarafgreiðslu þeirra mála sem fyrir aðalfundi liggja, enda hafi þeirra verið getið samkvæmt boðaðri dagskrá aðalfundar. Atkvæðisréttur kjörinna fulltrúa á aðalfundi er jafn. Heimilt er að fela einum fulltrúa sveitarfélags að fara með atkvæði annarra fulltrúa sama sveitarfélags á aðalfundi.

Stjórn minjasafnsins boðar til aðalfundar með minnst 14 daga fyrirvara og er hann lögmætur er 3/4 kjörinna fulltrúa sitja hann.

Málefni á dagskrá aðalfundar skulu vera eftifarandi:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Skýrsla minjasafnsins.
3. Ársreikningur.
4. Umræða um skýrslu stjórnar og afgreiðsla ársreiknings.
5. Kynning á starfsemi yfirstandandi árs.
6. Tillögur að breytingum á stofnskrá.
7. Önnur mál.

#### 10. gr.

##### *Breytingar á stofnskrá.*

Breytingar á stofnskrá þessari eru háðar samþykki þeirra aðila sem standa að rekstri Minjasafnsins á Akureyri. Óski einstakir aðilar eftir breytingum á stofnskránni skal senda tillögur þar um til stjórnar safnsins minnst þremur mánuðum fyrir aðalfund. Stjórnin skal gefa umsögn um breytingarnar og leggja fyrir aðalfund minjasafnsins til samþykktar. Til að breyta stofnskrá minjasafnsins þarf samþykki 3/4 hluta þeirra fulltrúa sem sitja aðalfundinn.

Einnig getur stjórn minjasafnsins haft frumkvæði að breytingum á stofnskrá safnsins og skal hún þá send þeim sem standa að rekstri minjasafnsins með minnst þriggja vikna fyrirvara. Óski stjórn minjasafnsins eftir breytingum á stofnskrá má afgreiða hana á aðalfundi safnsins, en einnig er heimilt að boða til sérstaks fundar með fulltrúum sveitarfélaga sem aðild eiga að minjasafnину (rekstraraðilum) til að breyta stofnskránni og þarf samþykki 3/4 hluta þeirra fulltrúa sem sitja fundinn til að breyting nái fram að ganga.

Afgreiðsla aðalfundar minjasafnsins, um breytingar á stofnskrá, skal send til allra aðildarsveitarfélaga til staðfestingar og stjórn safnsins undirritar.

#### 11. gr.

##### *Niðurfelling starfsemi eða aðildar.*

Vilji aðili að Minjasafnину á Akureyri hætta þáttöku sinni skal gera það með skriflegu erindi til stjórnar minjasafnsins. Uppsögn miðast við næstu áramót eftir dagsetningu uppsagnar en tekur ekki gildi fyrr en um áramótin ári síðar, enda er nauðsynlegt fyrir starfsemi minjasafnsins að fyrirvari uppsagnar sé langur, m.a. vegna fjárhagsáætlunar og annarrar áætlunargerðar, sbr. 8. gr. Hætti aðili að rekstri minjasafnsins að greiða umsamin framlög missir hann allan rétt sinn. Stofnframlag til minjasafnsins er ekki endurkraeft.

Nr. 852

18. ágúst 2020

Ef allir aðilar að minjasafninu hætta af einhverjum ástæðum að leggja því til rekstrarfó og starfræksla þess leggst af falla allir safngripir þess og lausafé endurgjaldslaust til Þjóðminjasafns Íslands, en aðrar eignir til þeirra sveitarfélaga þar sem þær eru staðsettar, í samráði við mennta- og menningarmálaráðuneyti skv. 12. gr. safnalaga nr. 141/2011.

12. gr.  
*Gildistaka.*

Stofnskrá þessa staðfesta fulltrúar aðila að Minjasafninu á Akureyri með undirritun sinni og tekur hún gildi við staðfestingu safnaráðs.

Við samþykkt þessarar stofnskrár fellur úr gildi eldri stofnskrá.

---

B-deild – Útgáfud.: 1. september 2020